

Ævintýraprá.

Keyrum fram af klettunum!
Segir konan sem hræðist ekki neitt.
Maðurinn sem hún elskar situr undir stýri
og starir tómun augum fram á veginn.

Keyrum fram af klettunum,
kljúfum hörund hafsins.
Svömlum saman í eilífð þess.
Syndum okkar gleymum.
Þreyttum þrám ég sókkva skal,
svala gömlum þorsta.
Leggjumst dalinn djúpa í,
sofum dúrinn langa.

Maðurinn glottir og gefur í,
konan gólar áfram:

Keyrum fram af klettunum,
kaffærum okkar vonum.
Brimið dæmir ei dauða menn,
drekki aðeins gráti
Vilt' ekki vagga með öldunum,
af salti fylla vit?
Ó, hvað það verður yndislegt
að finna loksins till!

Nú nálgast þau óðar silluna,
maðurinn er á nálum.
Enn þá kyrjar konan hátt.

Keyrum fram af klettunum,
klárum lífsins leiða.
Dagsins amstur úr sögu er,
stritum ekki lengur.
Þorum saman þú og ég,
þankar okkar hverfa.
Djúpan drögum andann er
 dagar allir teljast.

Þá er komið að því.
Æðar mannsins þenjast út.
Hann hikar augnablik á brúninni
en konan sönglar hærra.

Keyrum fram af klettunum!
Eða nei annars,
er ekki nýr criminal minds á rúv í kvöld?